



Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda *	Jóhannes Birgir Pálmason
Kennitala *	0312817179
Heimilisfang *	Langholtsvegur 136
Póstnúmer og staður *	104 Reykjavík
Símanúmer *	6618493
Netfang *	regn81@gmail.com
Umsjónaraðili	Jóhannes Birgir Pálmason, Árni Grétar Jóhannesson
Samstarfsaðilar	Vesturbyggð
Heiti verkefnis *	Hjartsláttur þorpsins
Lýsing verkefnis eða viðburðar *	<p>Við undirritaðir tón- og myndlistarmenn förum hér með fram á styrk og fyrirgreiðslu bæjarstjórnar við undirbúning og gerð verks, í tónum og myndum, um þorpin/bæina í Vesturbyggð.</p> <p>Hugmyndin er að skapa listaverk, fyrir eyru og augu um hjart- og æðasláttinn í íslenskum sjávarþorpum. Ástæðan fyrir valinu á Vesturbyggð er að einn okkar, Árni Grétar, er fæddur og uppalinn í Tálknafirði og er landeigandi í Patreksfirði. Hann þekkir því taktinn í þorpslífinu út og inn. Þá þekkjum við vel ljóð Jóns úr Vör í Þorpinu og langaði að gera einhvers konar samsvörun í nútímanum.</p> <p>Hugmyndin er að koma í Vesturbyggð með tól og tæki, taka upp umhverfishljóð af öllu mögulegu tagi og ljósmynda náttúru, tæki, báta, mannvirki, fólk og svo framvegis. Við stefnum að því að drekka í okkur andrúmsloftið í heila viku næsta vor/sumar og vinna svo að tónlistinni og myndunum, sem lýsa upplifun okkar, næsta haust og vetur. Tímaáætlun er í fylgiskjali. Rétt er að taka skýrt fram að öll okkar verk eru frumsamin, gervigreind kemur hvergi nærri við sköpun þeirra.</p> <p>Við höfum um nokkurt skeið unnið með umhverfishljóð sem innblástur fyrir tónlist okkar. Þar má nefna plötuna Dysjar, sem út kom 2020, og fjallar um nokkrar þekktar aftökur í Íslandssögunni, með náttúruhljóðum frá aftökustöðunum, sem heyra má undir tónlistinni. Einnig erum við langt komnir með plötuna Vatn og raf þar sem hljóð í fjórum vatnsorkuverum og nágrenni mynda grunntón í tón- og myndverki. Plata með veglegum myndbæklingi kemur út á vormánuðum. Landsvirkjun og Rannís styrktu þetta verkefni. Þá er í undirbúningi verk, í tónum og myndum, sem fjallar um nokkrar stytur í Reykjavík og hughrif sem þær vekja. Við væntum þess að Hjartsláttur þorpsins verði nýjung í listheiminum og veglegur safngripur fyrir einstaklinga og jafnframt gripur sem bæjarstjórnin gæti með stolti gefið völdum gestum sínum, innlendum sem erlendum.</p> <p>Við félagarnir höfum trú á því að Hjartsláttur þorpsins, lýsing okkar á Vesturbyggð í tónlist og myndum, geti skilað samfélaginu þar töluverðum ávinningi.</p>
Samfélagslegt gildi verkefnis eða viðburðar *	<p>Eftir því sem við vitum best er verkefnið frumlegt að öllu leyti. Ekkert því líkt hefur verið unnið á Íslandi og hugmyndin er ekki öpuð eftir neinu sem við þekkjum erlendis. Afraksturinn, hljómplata og myndabæklingur, ætti því að vekja talsverða athygli í listheiminum hérlendis, jafnvel erlendis, og meðal þeirra sem láta sig varða byggðasögu og menningu. Jafnframt gæti það vakið stolt og orðið íbúunum hugvekja um hvað felst í að byggja þennan hluta landsins, með náttúru hans, mannlíf og sögu.</p>

Platan og myndbæklingurinn verða mjög eigulegur listgripur og stimplar inn svæðið hjá gestum sem þangað koma í heimsókn og myndu kaupa gripinn. Því er til dæmis spáð að erlendir gestir muni skipta hundruðum á Látrabjargi þegar almyrkvi verður á sól þar 12. ágúst 2026. Tónlistin og ljósmyndirnar myndu tjá hughrifin sem staðhættirir vekja og bera hróður byggðarlagsins víða.

Áætlaður kostnaður og hvernig tilkominn

Framleiðsla á vinilplötu með ljósmyndabæklingi: 650.000.
Grafísk hönnun: 100.000 kr.
Eftirvinnsla og launakostnaður: 1.200.000 kr,
Ferðir og upphald: 100.000 kr.

Áætlaðar tekjur og hvernig tilkomnar

Sala á plötum: 750.000 kr.
Tónleikahald, í samstari við Vesturbyggð: 100.000 kr.
1.200.000 kr.

Styrkupp hæð *

Fylgigögn

Fylgigögn

[Árni Grétar Jóhannsson Ferilskrá.pdf](#)

Fylgigögn

[Jóhannes Pálmason Ferilskrá .pdf](#)

Undirskrift / Dags

Dagsetning og undirskrift umsækjanda

29/09/2024 - Jóhannes Birgir Pálmason